

35. Brjef dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 1855.
um fæðiseyri fanga. 6. júlí.

Með brjefi þessu auglýsist herra stiptamt. til frekari ráðstöfunar, að stjórnin gefur yður vald til, samkvæmt uppástungu yðar í brjefi 29. marz næstliðinn, að veita fangaverðinum í Reykjavík fyrst um sinn fyrir fæði og umönnun á föngunum 24 til 32 skildinga dag hvern, að tiltölu eptir verðinu á matvælum og einkum eptir því, hvað verðlag á brauði hækkar eða lækkar.

36. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins 6. júlí.
og amtmannanna á Íslandi um rannsókn á óeyrðum útlendra fiskimanna.

Utanríkisstjórnin hefur tilkynnt þessu stjórnarráði, að svo væri til ætlað að rannsókn sú, er stjórn Breta ætlaði að gjöra í fyrra, en sem þá var skotið á frest, um ótilhlýðilegt framferði írskra og enskra fiskimanna við Ísland, er hin danska stjórn hafði kvartað yfir, verði gjörð á yfir standandi sumri.

Um leið og stjórnin í sambandi við brjef sín 30. ágúst og 25. desember f. á. skýrir herra stiptamtmanninum (amtmannum) frá áður sögðu til vitundar og nauðsynlegra aðgjörða, bið jeg yður að sjá um, ef að rannsókn þessi verður gjörð, að hinar aðrar umkvartanir, er leiða hafa kunnað af háttalagi þessara fiskimanna, verði einnig fram fluttar.

37. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins 6. júlí.
um skilning á verzlunarlögunum 15. apríl 1854.

Sú fyrirspurn hefur verið lögð fyrir amtið, hvort að útlend skip, er innlendir kaupmenn hafa tekið á leigu, sem eiga verzlun í hinum löggildu kauptúnum, geti farið beinlínis á þessa kaup-

1855.

6. júlí.

staði, eða hvort að þau ekki, áður en þau fara þangað, sjeu skyld að koma við á einhverjum af þeim stöðum, sem nefndir eru í 2. gr. laga 15. apríl 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi; og skar amtið úr þessari spurningu, í tilfelli þar sem skjóts úrskurðar þurfti, á þá leið, að skipið þyrfti ekki, þegar þannig stæði á, að koma fyrst á einhverja af þeim 6 höfnum sem taldar eru í 2. gr. nefndra laga, en gæti tafarlaust farið þangað, er ferðinni var heitið. Hinn setti stiptamtmaður hefur nú í brjefi sínu 2. f. m., um leið og hann færir ástæður fyrir þessari skoðun sinni, beðið stjórnina um að auglýsa amtinu hvað rjett væri í þessu efni til eptirbreytni og reglu framvegis.

Um þetta efni vil jeg ekki láta hjá líða að skýra yður frá til eptirbreytni, að, þar eð það er almennt boðið í lögum 15. apríl 1854, 3. gr., að öll útlend skip, sem koma beinlínis frá útlöndum, skuli koma á einhverja af þeim höfnum, sem til greindar eru í 2. gr. sömu laga, áður en þau sigli upp aðrar hafnir á landinu, svo að þess verði gætt, sem boðið er í tjeðri grein, hlýtur þessi ákvörðun einnig að gilda um útlend skip, sem koma beinlínis frá útlöndum, þó að innlendir kaupmenn, sem hafa verzlun á einhverjum af hinum lögboðnu verzlunarstöðum, hafi leigt þau, þar eð það er einungis á þeim 6 stöðum, sem nefnd gr. telur, að farið verður eptir reglum þeim, sem gefnar eru í 2. gr. optnefndra laga.

6. júlí. **38. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins um sóttvarnir í Reykjavík.**

Um leið og amtið hefur skýrt frá því, að það eptir ósk heilbrigðisnefndarinnar í Reykjavík hafi fallizt á, að skipstjórum sem komi þar á höfn verði að sinni vísað á eina af bryggjunum við höfnina, er þeir allir án undantekningar, og svo að sekt varði, skuli leggja að, þegar þeir fyrst koma í land, svo að þar verði lagðar fyrir þá þær spurningar, sem til eru teknar í sóttvarnatilskipuninni 8. febrúar 1805, 7. gr., og að þar verði